

## **Tvö námskeið um félagsþjónustu sveitarfélaga Haldin seinni hluta vetrar 2004**

Fyrri daginn verða helstu viðfangsefni námskeiðsins, félagsleg ráðgjöf, málsmeðferð við framkvæmd félagsþjónustunnar, kynning á nýjum leiðbeiningum um reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og störf úrskurðarnefndar félagsþjónustu. (tenging í námskeiðslýsingu) Ráðuneytið hefur nú þegar sent sveitarstjórnnum hinar nýju leiðbeiningar ásamt greinargerð og enn fremur hefur félagsmálanefndum verið sent bréf um félagslega ráðgjöf.

Seinni daginn verður sérstaklega fjallað um starfsemi dagmæðra með félagsmálastjórum, félagsmálanefndum og daggæslufulltrúum þar sem starfsfólki heilsugæslustöðva, einkum við mæðraskoðun og ungbarnaeftirlit, verður boðin þátttaka. (tenging í námsskeiðslýsingu)

Tveir starfsmenn ráðuneytisins munu sjá um fræðsluna: Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri, sem hefur haft umsjón með framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélaga um árabíl og Björg Kjartansdóttir deildarsérfræðingur, höfundur skýrslu um starfsemi dagmæðra og fyrrum starfsmaður úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Námskeiðin og námsskeiðsgögn eru þátttakendum að kostnaðarlausu.